

NORÐURLJÓŚ

Fréttabréf Norðuráls

9. tbl. 2013 • Ritstjórar: Sólveig Kr. Bergmann og Trausti Gylfason • Ábyrgð: Ágúst F. Hafberg

Ritnefnd: Aðalheiður Skarphéðinsdóttir, Ása Birna Viðarsdóttir, Bjarni Ingi Björnsson, Sigurður Amar Árnason, Sverrir Þór Guðmundsson og Steinunn Kr. Pétursdóttir. Myndir: Ása Birna Viðarsdóttir o.fl.



Norðurál greiðir 1,7 milljarða

Norðurál greiðir mest í opinber gjöld af lögaðilum á Vesturlandi og er í ellefta sæti á landsvísu. Fyrirtækið greiðir tæpa 1,7 milljarða króna í opinber gjöld eða skatta. Þessir fjármunir renna í sameiginlega sjóði landsmanna og eru grundvöllur þess að ríkið geti veitt samfélagslega þjónustu. Stærstu útgjaldaliðir ríkissjóðs eru á sviði heilbrigðismála, almannatrygginga, velferðamála og menntamála.

» Sjá bls. 2



1,7 milljarðar

Þessi fyrirtæki og stofnanir greiða hæstu opinberu gjöldin:

1. Ríkissjóður Íslands	9.329.183.892	21. Kristinn	610.675.813
2. Arion banki	4.842.714.938	22. Hafnarfjarðarkaupstaður	575.957.849
3. GLB Holding	3.374.305.310	23. Rammi	558.967.382
4. Íslandsbanki	3.167.259.712	24. Hagar verslanir	554.858.561
5. Reykjavíkurborg	2.785.655.103	25. Brim	530.396.259
6. Landsbankinn	2.621.009.863	26. Reykjanesbær	511.243.437
7. Eignasafn Seðlab Ísland	2.230.351.131	27. N1	500.092.214
8. HB Grandi	2.041.494.882	28. Tryggingamiðstöðin	479.849.181
9. Samherji	1.890.357.704	29. Logos	445.249.346
10. Síldarvinnslan	1.811.810.786	30. Valitor	434.201.944
11. Norðurál	1.682.904.595	31. Isavia	430.701.928
12. Ísfélag Vestmannaeyja	1.187.772.296	32. Samskip	382.765.475
13. Icelandair	846.261.113	33. Samherji	381.843.765
14. Össur	817.520.951	34. Alcoa Fjarðaál	373.381.715
15. Skinney-Þinganes	776.769.424	35. Advania	348.299.712
16. FISK-Seafood	769.787.757	36. Rio Tinto Alcan	340.349.269
17. Kópavogsbær	675.323.123	37. Eimskip	337.517.267
18. Vinnslustöðin	670.901.966	38. Viðlagatrygging Íslands	332.511.999
19. Akureyrarkaupstaður	663.656.833	39. Vátryggingafélag Íslands	316.973.902
20. Eskja	655.875.945	40. Marel	314.247.267

Í fullri virkni

Fullnaðarprófun á yfirstraumvörn fyrir afriðla (crowbar) er nýlega yfirstaðin. Hún fólst í því að slökkt var á afriðlum kerlínu 2 og þar með var 310 MW álagsminnkun á flutningsnetinu. Aftur var kveikt á afriðlum 0,1 sekúndu síðar og þessi 310 MW sett inn á netið. Þær 100 ms sem þetta stóð yfir þá sá vörnin um að hringrás kerlínustraumnum, rúmlega 210 kA.

Í stuttu máli þá gekk prófunin mjög vel, engar útleysingar urðu í flutningskerfinu þrátt fyrir töliverða en mjög skammvinna spennuhækkun. Prófunin olli ekki truflunum í framleiðslu Norðuráls, eina sem varð vart við var smá blikk í ljósum. Rétt er að þakka

starfsfólki Landsnets fyrir sinn þátt í prófunum.

Nú er allur sá búnaður sem ABB setti upp búinn að standast prófanir og formlega kominn í rekstur.

Ég tel ástæðu til að gleðjast yfir þessum stóra áfanga. Þó svo að það sé nokkuð í land með að verkefninu ljúki þá er einsýnt að árangurinn er eins og að var stefnt, afriðlaeining 25 og Crowbar kominn í fulla virkni 1. nóvember 2013.

Til hamingju Norðurál!

*Örvar Ármannsson
Yfirverkfræðingur rafveitu*



Borgarleikhúsið



Afsláttur í leikhús

Starfsmannafélagið hefur gert samninga við Borgarleikhúsið og Þjóðleikhúsið sem felur í sér góðan afslátt fyrir starfsfólk Norðuráls á leikhúsmiðum í formi gjafakorts.

Almennt verð á gjafakorti fyrir einn er kr. 4.750.

Starfsfólki Norðuráls býðst að kaupa kort fyrir kr. 3.500.

Gjafakortin er hægt að nálgast í móttöku Norðuráls og er kostnaður dreginn af launum.

Norðurál nældi í bleiku treyjuna


Hannes Þór Halldórsson landsliðsmarkvörður var í sérsaumaðri bleikri treyju í sigurleikum gegn Kýpur á Laugardalsvelli 11. október. Tilgangurinn var að vekja athygli á Bleiku slaufunni, tákni Krabbameinsfélagsins í baráttunni gegn krabbameini í konum. Auk sölu á Bleiku slaufunni voru hinir ýmsu munir boðnir upp til styrktar átakinu, meðal annars bleika landsliðstreyjan.

Hátt í þrjátíu tilboð bárust í flíkina sem boðin var upp á Netinu. Þetta byrjaði rólega en spennan jókst eftir því sem leið á daginn og verðið hækkaði. Síðasta hálf tíma uppboðsins leit út fyrir að hún færi á 600 þúsund krónur til eiganda vildi ekki láta nafnsins getið. Ágúst Hafberg laumaði hins vegar inn nýju tilboði fyrir Norðurál nokkrum sekúndum fyrir lok uppboðsins og nældi þannig í treyjuna á 650 þúsund krónur. Sú uppæð rennur óskert til fræðslu, forvarna, rannsóknna og ráðgjafar við krabbameinssjúklinga og aðstandendur þeirra

Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls, hafði lofað að klæðast treyjunni á árshátíð fyrirtækisins næsta kvöld, ef svo færi að Norðurál nældi í hana. Það upphófst því heilmikill eltingarleikur við landsliðsmenn á laugardeginum með það að markmiði að koma höndum yfir gripinn. Landsliðið fannst á hóteli í Reykjavík þar sem það dvelur dagana í kringum landsleiki. Liðsmenn höfðu allir áritað treyjuna svo útilokað var að skella henni í þvott fyrir kvöldið. Sannleikurinn er reyndar sá að Hannes Þór hafði ekki mikið að gera í markinu í leiknum við Kýpur og treyjan var því eins og ný.



Hannes Þór í bleiku treyjunni, ásamt Kolbeini og Gylfa.



Sólveig, upplýsingafulltrúi Norðuráls, fær treyjunna formlega afhenta.



Fallega bleik og árituð af landsliðsmönnum.



Ragnar í bleiku treyjunni, ásamt konu sinni Írisi Höllu.

Eins og þið hafið eflaust flest tekið eftir þá hefur treyjan nú hlotið heiðursess í mötuneyti starfsmanna Norðuráls á Grundartanga. Landsliðið keppir hins vegar næst við Króatíu á Laugardalsvelli föstudaginn 15. nóvember.

Áfram Ísland!

Nokkur orð frá framkvæmdastjóra

Kæra samstarfsfólk!

Okkur hefur tekist að draga úr fjölda öryggisatvika frá því sem var í sumar og sést það greinilega á öryggisvísitölunni sem hefur verið á grænu í fimmtán vikur. Þetta er góður vitnisburður þess að öryggið er haft að leiðarljósi hjá starfsmönnum Norðuráls.

Mikil umsvif eru í skautsmiðju við uppsetningu nýs búnaðar. Vel hefur gengið að samhæfa framleiðslu og framkvæmdirnar og eiga allir hlutaðeigandi hrós skilið. Nauðsynlegt er að þeir sem vinna að framleiðslunni í skautsmiðjunni, iðnaðarmenn Norðuráls og verktakar taki tillit hverjir til annarra þar sem margir þættir framkvæmdanna fléttast saman við reglubundin framleiðslustörf. Framkvæmdir vil afriðil 25 sem senn fer að ljúka hafa einnig gengið mjög vel. Með honum verður mögulegt að

hækka straum á kerlinum enn frekar og jafnfram sinna nauðsynlegu viðhaldi á afriðlum án þess að lækka straum á kerlinum á meðan. Í kerskála er hafin innleiðing á skautgöfllum með 180 mm tindum í línu 2. Þetta hefur umtalsverða breytingu í för með sér á rekstri keranna. Eftir áramótin verður svo sama breyting gerð í kerlinu 1. Ofangreind verkefni eru öll hluti af því að auka framleiðslu Norðuráls á Grundartanga.

Mjög gott jafnvægi er í kerrekstrinum um þessar mundir og höfum við notað tækifærið og tekið til hliðar „hreinál“ eða ál af gæðum P0406, sem hefur að hámarki 0,04% kísilinnihald og 0,06% járninnihald. Hærra verð fæst fyrir þessa afurð en við höfum getað steipt 50 til 60 tonn af hreináli á vakt. Til að gera þetta mögulegt þarf

mjög góða samvinnu milli starfsmanna kerskála og steypuskála.

Í október lauk endurúttekt á gæðastjórnunarkerfinu og samhliða fór fram vottunarúttekt á öryggis- og umhverfisstjórnarkerfum Norðuráls á Grundartanga. Niðurstaða úttektaraðilans, British Standards Institute, er að lagt er til að fyrirtækið fái vottun staðfesta á öryggisstjórnunar- og umhverfisstjórnunar kerfinu samkvæmt OHSAS 18001 og ISO 14001stöðlunum. Jafnframt var staðfest með viðhaldsúttekt virkni gæðakerfisins samkvæmt ISO 9001 staðli. Fyrirtækið var vottað samkvæmt þeim staðli fyrir ári síðan. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka ykkur öllum fyrir þá miklu vinnu sem lögð hefur verið í það að gera þessi kerfi virk.

Gunnar Guðlaugsson

Öruggar venjur í október

Kerskáli Kjarnateymi Öruggr venja Dagar að ná öruggri venju

A vakt	A-B	Ekki talað í síma á ferð í farartæki	60
	C-D	Slæða notuð á skúmpalli	159
	Stækkun	Gríma notuð við skautskipti	27
	Stækkun	Ekki talað í síma á ferð í faratæki	32
	ACM Deiglusvæði	Öryggisbelt notuð í tækjum	53

C-vakt	A-B	Eyrnahlífar/tappar í eyrum	21
	Liðstjórar	Faratæki stöðvuð og símtal tekið	39

D-vakt	A-B	Ekki fleiri en einn í lyftara	31
	A-B	Slegið af við gatnamót	31
	A-B	Merktar gönguleiðir notaðar	21
	Stækkun	Fjögur lok opin í áltöku	21
	Baðtappar/kerúttekt	Biðskylda virt	21

Steypuskáli Kjarnateymi Öruggr venja Dagar til að ná öruggri venju

	B vakt	Horft aftur fyrir sig þegar farartæki er bakkað	34
	C-vakt	Andlitshlífar niðri við sýnatöku	35
	C vakt	Andlitshlífar niðri þegar ferðalok er tekið af	46
	D vakt	Horft aftur fyrir sig þegar farartæki er bakkað	34

Skautsmiðja Kjarnateymi Öruggr venja Dagar til að ná öruggri venju

	A vakt	Fjarstýring notuð þegar hellt er í bolla	21
	C vakt	Gönguhurðar notaðar	26
	C vakt	Gul vesti notuð þegar gengið er um torg	39

Viðhaldssvið	Kjarnateymi	Öruggr venja	Dagar til að ná öruggrri venju
	Vélaverkstæði A	Rusl flokkað í tunnur	21
	Kranaverkstæði	Hreinir bílar í lok dags	37
	Kerfóðrun	Öryggisgleraugu notuð	21
	Kerfóðrun	Þrif á hreinlætisaðstöðu	27
	Iðnaðarmenn C-vakt	Beðið eftir akstursljósi við aksturshurðir	26
	Iðnaðarmenn C-vakt	Blá ljós notuð þegar unnið er uppi á kerri	29
	Verkvirkjar	Merktum gönguleiðum fylgt	30
	Verkvirkjar	Starfsmenn úti á svæðum hvattir	25
Eldhús	Kjarnateymi	Öruggr venja	Dagar til að ná öruggrri venju
	Eldhús	Grænum kössum raðað í 2 stæður	24
	Eldhús	Káli vakúmpakkað í lok vinnudags	30
Ræsting	Kjarnateymi	Öruggr venja	Dagar til að ná öruggrri venju
	Ræstingar	Vinnuskyrtum hneppt upp í háls	49




Jólatrésskemmtun

Starfsmannafélags Norðurláls
verður haldin í sal
Grundaskóla Akranesi
þann 4. 12. 2013
kl. 14:00

Allir starfsmenn
og fjölskyldur þeirra
velkomnar

MÓTTÖKUSTÖÐVAR

Á kaffistofum og starfssvæðum Norðuráls eru flokkunarstöðvar sem taka á móti plasti, pappa, almennu rusli og spilliefnum þar sem það á við. Starfsfólk hvers svæðis ber ábyrgð á að losa þessar tunnur á móttökustöðvum sem syndar eru á yfirlitsmynd. Á móttökustöðvum er móttaka fyrir þá flokka rusls sem fellur til á hverju svæði. Starfsmaður sorphiðu sér um að safna saman sorpi frá móttökustöðvum og koma á sorpsöfnunarsvæði fyrirtækisins. Á sorpsöfnunarsvæðinu er sorpið svo flokkað enn betur þegar það á við og rúmmál þess minnkað til að draga úr akstri við flutning á því.



Flokkun og endurnýting sorps

Mikið hefur áunnist í flokkun og endurnýtingu sorps frá verksmiðjunni á síðustu misserum. Nýtt sorpsöfnunarsvæði var tekið í notkun í byrjun septembar, en þar verður hægt að flokka enn betur frá okkur sorpið og minnka

rúmmál þess áður en það er flutt af svæðinu. Flokkun sorpsins er málefni allra og skiptir þar vitund hvers og eins mestu máli. Til að auka þekkingu starfsfólks hefur verið gerð handbók um sorpflokkun sem tekur saman

hvar og hvernig við skilum af okkur sorpinu hér á iðnaðarsvæði Norðuráls á Grundartanga. Á næstu misserum verður þessi handbók kynnt fyrir starfsfólki, auk þess sem ílátum fyrir flokkað sorp verður fjölgað en ílátum fyrir óflokkað sorp fækkað.

Sudoku

ERFIÐ

7			6					
	6	1	2	5				
			7		6	1	3	
	8	9						6
	4		2			8		
6					9	5		
2	1	4		9				
			3	2	7	6		
			8					9

MÍDLUNGS

6			2			9		
			8	3		1	5	
	6			2	7		1	
		3			5			
7	2	1				6		
1	5	7	8					
8	7		4					2
			6					

AUÐVELD

			1	3		5	9	
			2			1		
		5	9	6	8	2		
8			2		6			
5	1				9	8		
9	1				7			
6	9	3	4	2				
	7			1				
2	4	8	5					

AFBRIGÐILEG :)

8	2					4		
						3		
	4	3	6					
2			7					6
		6	4		3	9		
3					6			1
					9	7	4	
		5						
		8					7	3

Yfirfarið bílinn fyrir veturinn


Í byrjun vetrar þarf að búa bílinn undir frost og snjó enda getur það komið í veg fyrir slys og ýmis vandræði. Hér á eftir er stuðst við leiðbeiningar á vef FÍB:

- Þrifið bílinn og bónið, það dregur úr viðloðun snjós og iss.
- Smyrjið læsingar með lásaolíu. Það dregur úr líkum á að frjósi í læsingunni frjósi föst. Berið varnarefni á dyralista til að koma í veg fyrir að hurðin frjósi föst.
- Fyllið eldsneytisgeymi bílsins í hvert skipti sem eldsneyti er keypt. Hætt

láta mæla frostlöginn þegar bíllinn er smurður eða nota frostlagarmæli sem hægt er að fá að láni á flestum bensín- og smurstöðvum. Þurfi að bæta frostlegi á kerfið er ráðlagt að tappa af álíka magni af kerfinu í ílát. Ráðlagt er að fara yfir slöngur kælikerfisins og athuga hvort leki í gegnum sprungur eða með illa hertum hosuklemmum. Endurnýið gallaðar slöngur og klemmur.

sé ekki næg er ástæða til að láta mæla spennuna á bifvéla verkstæði. Hleðsluspennan þarf að vera 14,2 til 14,5 volt en 14,4 volta spenna er talin æskilegust.

- Útfellingar á geymasamböndum geta valdið erfiðleikum við gangsetningu, sérstaklega í frosti. Útfellinguna er auðvelt að fjarlægja með volgu vatni, stálull eða fínum sand-



er við að loftraki þéttist á veggjum geymis sem fylltur er óreglulega og safnist fyrir í tankbotni. Í frosti getur myndast klaki og íshrönglið stíflað leiðslur með tilheyrandi gangtruflunum. Til varnar þessu er ráðlagt að blanda ísvara í bensín á haustin. Yfirleitt er talið nægjanlegt að nota 0,2 lítra af ísvara við þriðju hverja áfyllingu.

- Athugið frostþol kælivökvans á haustin. Frostþol ætti að vera í minnsta kosti -25°C . Einfaldast er að

- Fyllið rúðuvökvaklútinn með frostþolnum vökva. Athugið virkni þurrkanna og hvort blöðin séu í lagi. Þurrkublöðin eiga að vera ósprungin og án tjöru sem berst frá malbiki.

- Kannnið ástand víftureima og athugið hvort hún sé hæfilega strekkt.

- Í sumum tilvikum er hleðsluspenna bíla of lág og það skapar vanda þegar lofthiti lækkar. Lág hleðsluspenna stýttir úr líftíma rafgeymis. Hafi bíleigandi grun um að hleðsluspenna


pappír. Mundið að taka geymasamböndin af og þrifa snertifleti þeirra líka. Til að hindra útfellingu er gott að strjúka sýrulausri feiti, til dæmis vaselíni, yfir geymatengin og skaut rafgeymisins.

- **Er bíllinn þinn tilbúinn fyrir veturinn?**

Árshátíð Norðurláls 2013



Ragnar Guðmundsson forstjóri sómdí sér vel í landsliðstreyjunni enda sigurreifur eftir landsleikinn á móti Kýpur



Félagarnir úr skautsmiðjunni, Nökkvim, Sindri og Pálmi



Gunnar Guðlaugsson framkvæmdastjóri og kona hans Ragna Ragnars



Mæðgurnar Berglind Torfadóttir starfsmaður skautsmiðjunnar og Lilja Birkisdóttir



Ragnar Bárðarson rafvirki og frú



Torfi Guðmundsson starfsmaður úr skautsmiðjunni ásamt spúsu sinni



Hallvarður Ólafur Böðvarsson af farartækjaverkstæðinu og frú



Vélvirkinn Guðrún Birna Ásgeirsdóttir ásamt sambýlismanni



Það var stuð á borði viðhaldsmanna á árs hátíðinni



Kári Stefánsson af viðhaldsdeildinni og frú í góðum gir



Hermundur Sigurðsson rafvirki ásamt frú



Magnús Már Haraldsson vélvirki ásamt frú



Heiða Arnþórsdóttir og Róbert Eyvar Ólafsson



Heiðar Þór Árnason starfsmaður á farartækjaverkstæðinu ásamt kærustu sinni



Verkvirkinn Sigurvin Jónsson ásamt frú



Þórir Helgason planari og frú



Páll Sigvaldason af kraverkstæðinu ásamt frú



Tvær hressar úr tungunum á árshátíð



Rafmagnsmennirnir Adam Finnsson og Hilmar Teitsson en á milli þeirra situr frúin hans Hilmars



Þetta er maðurinn, Adam Finnsson kynntur til leiks



Márus Líndal Hjartarson ásamt frú



1000 Volta vinskapur, Arnór Sigmarsson og Daði Jónsson rafvirkjar úr háspennunni sætir saman



Helga Sigfúsdóttir úr skautsmiðjunni ásamt eiginmanni



Hannes Örn Stefánsson úr skautsmiðjunni ásamt frúnni



Magni Ásgeirsson tónlistarmaður slær á strengi



Valka Jónsdóttir starfsmannastjóri, sem brosir sínu blíðasta ásamt eiginmanni




Sigurvegari kvöldsins, sá sem hélt upp stuðinu frá fyrstu mínútu til þeirrar síðustu, Eyþór Ingi Gunnlaugsson



Fjármálahjónin Bryndís Jónsdóttir og Bergþór Guðmundsson



Hljómsveit hússins sem hélt upp stuðinu á árhátíð Norðuráls



Ásgeir Sævarsson af verkfræðideildinni ásamt frú



Svava Rós Sveinsdóttir eiginkona Einars Friðgeirs Björnssonar



Þóður Sigurbjartsson af verkfræðideildinni og Birna Borg Bjarnadóttir



Agnis Ástvaldsdóttir og Sigurður Arnar Sigurðsson af verkfræðideildinni



Baldur Bjarnason úr kerstjórn ásamt frú



Ágúst Hafberg og kona hans Sigrún Þorleifsdóttir



Þéttskipað var í salnum í Hörpunni en hátíðleiki árhátíðarinnar var í anda 15 ára afmælis Norðuráls



Bjarni Jarlsson og frú



Bjarki af B-vaktinni í kerskála ásamt frúnni



Pétur Ottesen og frú nutu árshátíðarinnar til fulls



Passap upp á þá Sigurpál Helga Torfason og Sigurjón Bjarn Jóhannsson af ungrri dömu



Einar Sigurður Sigursteinsson starfsmaður verkfræðisviðs ásamt borðdömu



Steinunn Dögg Steinssen ásamt eiginmanni



Þorgerður Pálsdóttir ásamt maka



Soffía Haraldsdóttir, eiginkona Sævars Pálssonar brosti sínu blíðasta á árshátíðinni

Spurning dagsins

Tókst þú þátt í Meistaramánuði?

Stóriðjuskóli Alcoa Fjarðaáls í heimsókn

Þann 23. október fengum við góða gesti þegar um 30 nemendur Stóriðjuskóla Alcoa Fjarðaáls heim-sóttu okkur.

Heimsókn þeirra snerist ekki síst um að hitta nemendur okkar, spjalla yfir kaffisopa og kökusneið um „landsins gagn og nauðsynjar“ og bera saman námsbækurnar, auk þess sem þau fengu góða kynningu á fyrirtækinu.

Gunnar Guðlaugsson framkvæmdastjóri bauð gestina velkomna og að því loknu renndi Sólveig Bergmann upplýsingafulltrúi yfir starfsemi Norðuráls í máli og myndum.

Því næst sagði Trausti Gylfason öryggisstjóri frá Öruggu atferli og útskýrði hugmyndafræðina sem þar liggur að baki og þann árangur sem náðst hefur frá því byrjað var að vinna samkvæmt henni.

Fjúrgugar umræður sköpuð-ust í kjölfar þessara kynninga og var mikið rætt um hin ýmsu hugðarefni; s.s. vaktafyrirkomulag í skautsmíðju, straumhækkun o.m.fl.



Góðir gesti á Grundartanga.

Að loknum hádegisverði var hópnum skipt í tvennt og fóru þeir hvor sinn hringinn um verksmíðjuna undir styrkri leiðsögn Péturs Svanbergssonar og Ragnars Ólasonar.

Gönguferðin tók um 2 klst. og að henni lokinni hittu gestirnir þá nemendur Stóriðjuskóla Norðuráls í mötuneytinu, þar sem beið þeirra

heitt kaffi og gómsætt terta. Þar gafst kostur á að ræða námið, kosti þess, galla og gagnsemi fyrir starfsemi álveranna.

Í lok heimsóknarinnar voru gestirnir leystir út með góðri gjöf í formi heimagerðar sultu frá Bjarteyjarsandi auk þess sem húsfreyjan þar bjó til litlar glerskeiðar sem fylgdu með hverri krukku.



Pétur Svanbergs Öryggisfulltrúi

Já. Ég ákað að borða hollari mat og stóðst það með þröði.



Karítas Jónsdóttir Öryggisfulltrúi

Já, ég fór í ræktina fjórum sinnum í viku og fékk mér einn grænan drykk á dag.



Hafsteinn Rúnar Gunnarson Öryggisfulltrúi

Nei. Hjá mér eru allir mánuðir Meistaramánuðir



Þórlína Sveinbjörnsdóttir, hjúkrunarfræðingur

Já, en náði ekki markmiðinu. Góðir hlutir gerast hægt!



Uchechukwu Michael Eze, Kerskáli D-vakt

Já. Hlaupa, hlaupa og hlaupa -5 kíló farin sem var markmiðið.

Hver er?

Nafn: Agla Harðardóttir

Starf: Starfsmaður á Innkaupasviði

Fæðingarstaður, -dagur: Reykjavík, 7. janúar 1988

Fjölskylduhagur: í sambúð með einn nánast 2 ára gutta

Hvenær byrjaðir þú hjá Norðuráli? Sumarið 2010, og svo aftur í febrúar á þessu ári

Það skemmtilegasta fyrir utan vinnuna? Ég er mikill letihaugur og gúrmari, svo kósistundir eða matarboð með vinum og fjölskyldu eru í uppáhaldi. Og svo kannski smá bóka-lestur af og til.

Aðaláhugamálið?

Bókalestur og skoða matreiðslublogg og þætti.

Uppáhalds matur? Allur mexi-kóskur matur

Uppáhalds drykkur? Ef ég á að vera „healthy“ týpan þá vatn, annars pepsi max



Ertu hjátrúafull/ur?

Mjög svo. Og ég trúi á „kosmósið“ og karma.

Hvaða persónu í mannkynssögunni vildir þú helst hitta? Albert Einstein

Uppáhalds sjónvarpsefni? Nánast allir drama skvísuþættir og svo „Í eldhúsinu hennar Evu“ sem sýndir eru á stöð 3.

Besta bókin sem þú hefur lesið?

Er ég nörd ef ég segi allar Harry Potter bækurnar?

Hvaða hljómsveit eða söngvara heldur þú mest upp á? Jeff Buckley

Uppáhalds íþrótt eða hreyfing? Ræktin, tabata eða badminton (hnit)

Lýstu þér í þremur orðum? Stjórn-söm, hress, kaldhæðin

Fallegasti staður á Íslandi? Vestfirðir eins og þeir leggja sig

Til hvaða lands langar þig mest að ferðast? Kína og Egyptalands

Framtíðarplön? Fara í masters-nám til Danmerkur og njóta lífsins í leiðinni.



Efri röð: Krzysztof Jadwizyc, Wojciech Jozef Koziol, Robert Urbanowicz, Mariusz Janiszewski, Ilona Bachorz, Krystian Grzegorz Siwek, Pétur Svanbergsson, Belinda Kristinsdóttir, Lisbet Guðmundsdóttir, Guðmundur Kr. Jakobsson og Árni Þór Magnússon. Neðri röð: Arkadiusz Cezary Fors, Jaroslaw Grzegorz Sledz, Mariusz Michalek, Krzysztof Kuptel, Artur Fiszer og Trausti Gylfason

Öruggt atferli

Þann 30. október s.l. var haldið námskeið fyrir kjarnateymismeðlimi í öruggu atferli. Sérstaklega voru boðaðir á það pólskumælandi starfsmenn Norðuráls en á námskeiðinu var túlkur sem þýddi það sem fór fram yfir á pólsku. Gerður var góður rómur af námskeiðinu og er ætlunin að halda annað þar sem þeir sem ekki komu núna verða boðaðir.



Á námskeiðinu var glatt á hjalla, ekki síst þegar lokaverkefnið var útskýrt. Ilona Bachorz, Jaroslaw Grzegorz Sledz, Wojciech Jozef Koziol og Krystian Grzegorz Siwek



þeir Robert Urbanowicz, Artur Fiszer, Krzysztof Kuptel og Mariusz Michalek kynna niðurstöður sínar

JÓLAHLAÐBORÐ

Starfsmannafélags Norðurláls
á Grandhótel

- A & B VAKT -

23. nóvember 2013.

Húsið opnar kl. 19:00 með fordrykk

Skráning hjá Jakob á lager s: 664-8515

Yfir 20 réttir á glæsilegum hátíðarmatseðli

Verð á gistingu með morgunverði á Grandhótel:

1.manns herbergi: 13.700 - nóttin

2ja manna herbergi: 15.500 - nóttin

Rútuferðir:

Frá Hyrnnunni Borgarnesi kl. 18:15

Frá Stöðinni Akranesi kl. 18:30

Heim aftur kl. 24:00

og eftir ball

